

Störf laganefndar Delta Kappa Gamma á Íslandi 2009-2011

Nefndina skipuðu: Auður Torfadóttir formaður, Gerður Guðmundsdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir. Auk þess starfaði Guðný Helgadóttir lögsögumaður með nefndinni.

Starfsárið 2009-2010 var ekki mikið um að vera hjá laganefnd ef frá er skilinn undirbúningur undir verkefnið sem beið í kjölfar breytinga á lögum alþjóðasamtakanna.

Nefndin átti fundi fyrri hluta árs 2010 með Ingibjörgu Jónasdóttur og Sigrúnu Klöru Hannesdóttur vegna endurskoðunar á lögum alþjóðasamtakanna, en sem kunnugt er átti Sigrún Klara sæti í einni af nefndunum sem vann að endurskoðun alþjóðalaganna.

Aðalverkefni nefndarinnar var að uppfæra lög landssambandsins til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á lögum alþjóðasamtakanna á þinginu sumarið 2010. Nefndin tók til starfa haustið 2010 þegar ljóst var hvaða breytingar höfðu verið samþykktar á alþjóðþinginu. Haldnir voru nokkrir vinnufundir og þess á milli unnið gegnum tölvusamskipti. Gert var ráð fyrir að endurskoðun landssambandslaganna yrði lokið fyrir miðjan mars og stóðst það og voru endurskoðuð lög send stjórn landssambandsins. Í þessu ferli var haft samráð við Ingibjörgu Jónasdóttur forseta landssambandsins, auk þess sem leitað var til Sigrúnar Klöru Hannesdóttur um einstök atriði.

Nefndin var upphaflega með þá hugmynd að einfalda lög. Eftir að hafa skoðað málið var ákveðið að hverfa frá því og fylgja lögum alþjóðasamtakanna nokkuð nákvæmlega og höfðum við til hliðsjónar gátlista sem gefinn er út fyrir laganefndir landssambanda um þau atriði sem þurfa að vera í lögnum. Okkar lög eru þannig bundin lögum alþjóðasamtakanna í öllum meginatriðum og lagabreytingar því ekki bornar undir landssambandið til samþykktar.

Auk þess sem gerðar voru nauðsynlegar breytingar til samræmis við lög alþjóðasamtakanna, var farið yfir lög og reglugerð og nokkrar breytingar gerðar til samræmingar. Einnig var tekið mið af því að okkar deildir eru fámennar miðað við deildir í Bandaríkjunum og þess vegna var stjórnkerfi deilda einfaldað.

Aðeins voru gerðar nauðsynlegar breytingar á reglugerðinni til þess að hún væri í samræmi við lög. Tími til gagn Gerrar endurskoðunar á reglugerð var of naumur til að hægt væri að leggja hana fyrir landssambandsþing. Einnig var það álit okkar að það ætti að gefa fleirum tækifæri til að koma að endurskoðun reglugerðar. Það mun því verða í verkahring næstu laganefndar að stjórna endurskoðun reglugerðar sem væntanlega verður þá lögð fram til samþykktar á landssambandsþingi 2013.

Auður Torfadóttir
formaður laganefndar

Neskaupstað í maí 2011

**Tilnefningar í stjórn og nefndir landssambands
Delta Kappa Gamma**

Lagt fyrir landssambandsþing þann 7.-8. maí 2011
Skýrsla uppstillingarnefndar

Uppstillingarnefnd skipuðu Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir formaður, Halldóra Baldursdóttir og Helga Guðmundsdóttir allar úr Zeta deild. Uppstillingarnefnd tók að sér að skipa konum niður til stjórnar, uppstillingarnefndar og skoðunarmenn. Formaður sendi tölvupóst ítrekað og óskaði eftir tilnefningum frá öllum deildum. Einnig var forseti Landssambandsins duglegur að minna á tilnefningarnar í sínum bréfum. Fyrst og fremst fóru samskipti við formenn deilda fram með tölvupóstsendingum. Tilnefningar bárust frá; Alfadeild, Betadeild, Gammadeild og Etadeild en við hefðum gjarnan viljað fá tilnefningar frá fleiri deildum. Engar formlegar tillögur komu fram til forseta. Nefndin skipti með sér að tala við nokkrar konur um hugsanlega formennsku og töluðum við flestar konur sem tilnefndar voru. Það er spurning hvort það væri ekki skilvirkara að hafa samband við formenn deilda símleiðis eftir að tími til tilnefninga rennur út og fá ábendingar um kandiðata t.d til forseta, því það er nú svo með okkur kvenpeninginn að við otum okkur ekki fram til forystu.

Uppstillingarnefndin leggur fram eftirfarandi tillögu:

Til stjórnar	Deild	Kjörtímabil	Embætti
<i>Sigríður Ragna Sigurðardóttir</i>	<i>Alfadeild</i>	1	Forseti
<i>Brynhildur Anna Ragnarsdóttir</i>	<i>Etadeild</i>	1	1.varaforseti
<i>Steinunn Ármannsdóttir</i>	<i>Alfadeild</i>	2	2.varaforseti
<i>Stefanía Arnórsdóttir</i>	<i>Gammadeild</i>	1	Ritari
<i>Helga Guðmundsdóttir</i>	<i>Zetadeild</i>	1	Meðstjórnandi
<i>Ingibjörg Jónasdóttir</i>	<i>Gammadeild</i>		<i>Fráf. formaður - utan stjórnar</i>
Ingibjörg Einarsdóttir	Gammadeild	1	Uppstillingarnefnd
Ingibjörg Auðunsdóttir	Betadeild	1	-
Margrét Schram	Alfadeild	1	-
Sigríður Johnsen	Kappadeild	1	Skoðunarmenn
Margrét Sigurðardóttir	Alfadeild	1	-